

Velferðarnefnd Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Skjal: F1803001
Hafnarfjörður, 16. mars 2018

Umsögn

Réttur barna til að vita um uppruna sinn 74. mál, þingsályktunartillaga, 148. löggjafarþingi 2017-2018.

Félag um foreldraafnrétti hefur fengið til umsagnar þingsályktunartillögu þess efnis að dómsmálaráðherra verði falið að undirbúa lagabreytingu sem tryggir að börn sem getin eru með tæknifrjóvgun og kynfrumugjöf eigi rétt á upplýsingum um uppruna sinn og að frumvarp þessa efnis verði lagt fyrir Alþingi eigi síðar en í janúar 2019.

Félagið styður tillöguna og tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í greinargerð.

Vert er að benda á [umsögn Umboðsmanns barna](#) dagsett 27. September 1995 um frumvarp til laga um tæknifrjóvgun, mál 154, 120 löggjafarþing, þar sem umboðsmaður leggur til að réttur barns, sem getið er með gjafakynfrumu, til að vita uppruna sinn, verði virtur og lögfestur. Eftirfarandi er beint úr umsögn Umboðsmanns barna:

Í 1. mgr. 7. gr. samningsins er að finna svofellt ákvæði: “Barn skal skráð þegar eftir fæðingu, og á það frá fæðingu rétt til nafns, rétt til að öðlast ríkisfang, og eftir því sem unnt er rétt til að þekkja foreldra sína (leturbr. mín) og njóta umönnunar þeirra.”

Við túlkun á þessu ákvæði samningsins er ástæða til að nefna sérstaklega að í skýrslu frá 6. fundi barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna, sbr. 43. gr. samningsins um réttindi barnsins, var gerð athugasemd við þá stefnu norskra stjórnvalda að nafnleynd skuli ríkja þar í landi um sæðisgjafa. Í skýrslunni er vísað til 7. gr. samningsins um að barn skuli “eftir því sem unnt er” eiga rétt á að vita hverjir eru foreldrar þess. Í nefndri skýrslu, segir orðrétt: “Concerning the right of a child to know his or her origins, the Committee notes the possible contradiction between this provision of the Convention with the policy of the State party in relation to artificial insemination, namely in keeping the identity of sperm donors secret.”

Í ágætri [grein eftir Gylfa Ásmundsson sálfræðing](#) er fjallað um mikilvægi þess fyrir sjálfsmynd hvers einstaklings að þekkja uppruna sinn. Þar segir meðal annars:

Einn mikilvægasti þátturinn í andlegri heilbrigði hvers einstaklings er fólgin í því hvernig hann skilgreinir sjálfan sig sem persónu, hver hann er, hvað hann er og hvernig hann greinir sig frá öðrum og upplifir sig sem sjálfstæðan einstakling. ... Enn einn veigamikill þáttur í sjálfsmynd okkar er uppruni okkar og rætur. Við fáum í vöggugjöf marga eiginleika foreldra okkar og forfeðra lengra aftur. Við líkjumst þeim svo og svo mikið í útliti, fasi og skapgerð, þótt umhverfið eigi eftir að móta þessa eiginleika að verulegu leyti og skapa þannig nýjan



og sjálfstæðan einstakling. Flestir hafa þörf fyrir að þekkja uppruna sinn til þess að skerpa vitund sína um það hverjir þeir eru.

Marmið Félags um foreldrajafrétti er að berjast fyrir réttindum barns til foreldra sinna og þar af leiðandi uppruna. Öll stefnumál félagsins eiga sér stoð í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem lögfestur hefur verið á Íslandi. Barn skal eftir því sem unnt er eiga rétt til að þekkja foreldra sína samkvæmt 1. mgr. 7. gr. samningsins og aðildarríki skuldbinda sig til að virða rétt barns til að viðhalda því sem auðkennir það sem einstakling.

Fulltrúar Félags um foreldrajafrétti eru ávallt reiðubúnir að mæta á fund með nefndarmönnum til nánari skýringa og umræðu.

Fyrir hönd Félags um foreldrajafrétti,

Heimir Hilmarsson, formaður